

**Sp.**

**158. Svar**

**[86. mál]**

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um útflutningsverslun með kjöt.

*1. Er útflutningsverslun með kjöt án skuldbindinga um áframhaldandi sölu til annarra þjóða?*

Nei. Samkvæmt upplýsingum frá búvörudeild Sambandsins, sem er eini aðilinn er flytur út kindakjöt að einhverju ráði, er gert um það samkomulag við viðskiptavini erlendis að þeir selji kjötið á sínum heimamarkaði.

*2. Er það rétt, sem fram kom í fréttum ríkisfjölmiðla 2. nóv. sl., að besta dilkakjötsmarkaði Íslendinga á erlendri grund, í Færeyjum, hafi verið stefnt í vöðva með sölu á íslensku dilkakjöti frá Danmörku? Ef svo er, og löglega hefur verið að þessu staðið, hvernig er hægt að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig?*

Það er rétt sem kom fram í fréttum fjölmiðla að íslenskt dilkakjöt hafi verið sent frá Danmörku og selt í Færeyjum á niðursettu verði. Um var að ræða einn gám eða um 17 tonn. Ástæða þessa er sú að það var þriðji aðili er sá um þessi viðskipti. Gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

*3. Hvernig hefur markaðsnefnd landbúnaðarins starfað sl. tvö ár og hver er árangurinn af því starfi?*

Markaðsnefnd landbúnaðarins var endurskipuð af landbúnaðarráðherra, Jóni Helgasynti, í október 1985. Nefndina skipa nú: Sveinbjörn Dagfinnsson tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, Ingi Tryggvason tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hákon Sigurgrímsson tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, Sigurgeir Þorgeirsson tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, Sveinn Björnsson tilnefndur af viðskiptaráðuneytinu, Magnús Friðgeirsson tilnefndur af búvörudeild SÍS, Jón H. Bergs tilnefndur af Samtökum sláturleyfishafa, Óskar Gunnarsson tilnefndur af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Nefndin hóf þegar starfsemi sína og réð Auðun Bjarna Ólafsson framkvæmdastjóra nefndarinnar frá 1. febr. 1986. Aðsetur nefndarinnar er í húsnæði Framleiðsluráðs í Bændahöllinni.

Markmið og tilgangur nefndarinnar hafa verið skilgreind þessi:

1. Að styrkja samskipti stjórnvalda, búvöruframleiðenda, Framleiðsluráðs, heildsöluaðila og dreifingaraðila búvara.
2. Að fylgjast með stöðu framleiðslu og markaðsmála á hverjum tíma.
3. Að stuðla að sem mestri hagkvæmni við framleiðslu og sölu búvara.
4. Að leita nýjunga í framleiðslu.
5. Að efla sérmenntun og þekkingu þeirra sem vinna að framleiðslu og sölu búvara og þjónustu.
6. Að eiga hlut að búvörukynningum og sýningum og öðrum þeim aðgerðum sem eru til þess fallnar að auka eftirspurn búvara og efla samskipti við kaupendur.
7. Að gera verðkannanir í samvinnu við Verðlagsstofnun.

8. Að stuðla í samráði við útflytjendur að kynningu á íslenskum búvörum erlendis, þar á meðal að fylgjast með og taka þátt í erlendum sýningum búvara þyki ástæða til.

Eftir þessum markmiðum hefur verið unnið svo sem kostur er og hafa starfshættir verið sem hér segir:

1. Markaðsnefnd hefur haldið að meðaltali rúmlega einn fund í mánuði þar sem fulltrúar stjórnvalda, framleiðenda og dreifingaraðila hafa skipst á skoðunum. Samsetning nefndarinnar miðaði að því að tryggja sem best samskipti þessara aðila, samkvæmt markmiðum nefndarinnar og hefur árangur orðið með ágætum.

2. Auk þess sem fylgst hefur verið með stöðu mála í kjöt- og mjólkurvörum hefur markaðsnefnd gert sérstakar athuganir á möguleikum á sölu silungs, grænmetis og kartaflna úr landi. Enn er unnið að málefnum silungsbænda en kartöflur og grænmeti hafa verið gefin upp á bátinn að sinni þar sem athuganir þóttu ekki benda til nægjanlegs árangurs. Áfram verður þó fylgst með stöðu mála svo sem kostur er.

3.–5. Mjög náið samstarf hefur tekist með Kaupmannasamtökunum og markaðsnefnd. Meðal annars hefur markaðsnefnd efnt til námskeiða fyrir afgreiðslufólk í matvöruverslunum. Hafa námskeið þessi verið haldin á um tíu stöðum á landinu og aðsóknin komin hátt á þriðja hundrað manns. Farið var yfir meðferð matvæla, nýtingu, þökkun, sölumennsku og þess háttar. Árangur af þessu starfi hefur tvímælaust verið góður og hafa óskir borist um frekara námskeiðahald og þá jafnt fyrir sölu- og vinnsluaðila og framleiðendur. Í framhaldi af þessum námskeiðum var athugað með framboð á smærri tækjum fyrir kjötvinnslur á landsbyggðinni. En skortur á hentugum tækjum hefur oft komið í veg fyrir að nauðsynlegri hagkvæmni væri náð. Fundust nokkur tæki til niðurlutunar og þökkunar sem ætla má að séu hentug og er gert ráð fyrir að Kjötvinnsla KB í Borgarnesi taki tvö til þrjú af þeim til reynslu. Starfsmaður markaðsnefndar hefur sótt matvælasýningar erlendis og í framhaldi af þeim lagt á ráðin um nýjungar.

Unnið hefur verið með Ferðapjónustu bænda að uppbyggingu þeirrar þjónustu. Meðal annars var gengist fyrir námskeiði þar sem leiðbeinendur tóku fyrir markaðssetningu á ferðapjónustu með tilliti til aðstöðu, þjónustu, móttöku gesta o.fl.

6. Markaðsnefnd hefur tekið þátt í tveim stórum sýningum hér innan lands, Matarlist 86 í Laugardalshöll í maí 1986 og BÚ 87 í Reiðhöllinni í ágúst 1987. Einnig tók nefndin þátt í þeirri kynningu er fram fór í tengslum við leiðtogafundinn haustið 1986 í íþróttahúsi Hagaskólans og matvælakynning var á vegum nefndarinnar í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu matvælafræðinga á Hótel Sögu í september 1987.

Auglýsingaáttak það sem gengið hefur undir nafninu FJALLALAMB var skipulagt af markaðsnefnd. Byggðist verkefni þetta á beinum auglýsingum í fjölmiðlum, matreiðsluþáttum í sjónvarpi, kynningum í verslunum og veitingahúsum auk fjölda annarra þátta er miðuðu að því að bæta ímynd lambakjötsins og bændastéttarinnar. Tóku söluaðilarnir virkan þátt í þessu verkefni og hafa hvatt til framhalds. Nú dylst engum að mjög góður árangur hefur orðið af þessu verkefni sé miðað við hvernig útlitið var þegar hafist var handa.

7. Markaðsnefnd hefur staðið að markaðsathugun í samstarfi við Hagvang hf. vorið 1986 og aftur vorið 1987. Beindist athugun þessi að viðhorfum til lambakjöts, verðlags og gæða en einnig að landbúnaði í heild sinni.

8. Markaðsnefnd hefur tekið þátt í einni sýningu erlendis. Það var á Grænlandi en „Íslenskir dagar“ voru haldnir í Nuuk veturinn 1986. Samstarf var þá haft við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og voru á vegum nefndarinnar kynnt matvæli, ull og ferðapjónusta. Allítarleg athugun var gerð á aðstæðum í Grænlandi í ferðinni og mun sú athugun koma að góðum notum ef flutningstakmarkanir leysast.

Nú er til athugunar þátttaka í kynningarviku fyrir íslensk matvæli í Gautaborg. Kynningarvika þessi er skipulögð af Útflutningsráði í endaðan febrúar og er vænst þátttöku fjölda fyrirtækja í fiskiðnaði auk óska um að markaðsnefnd verði þar sem fulltrúi

landbúnaðarins. Í samvinnu við Útflutningsráð Íslands hefur markaðsnefnd gengist fyrir mjög viðamikilli markaðsathugun í Bandaríkjunum fyrir lambakjöt. Meðal annars hefur erlent markaðsathugunarfyrtæki verið fengið til að vinna stóran hluta athugunarinnar. Nú á næstu dögum er að vænta mats á niðurstöðum.

*Mat á árangri:*

Enginn vafi leikur nú á því að verulegur árangur hefur orðið af starfsemi markaðsnefndar. Nægir að benda á bætt samskipti aðila er tengjast framleiðslu og sölu landbúnaðarvara, árangur við að stöðva þá miklu niðursveiflu sem var í lambakjötssölu hér innan lands, auk annarra verkefna sem nefndin hefur sinnt.

Markaðsnefnd landbúnaðarins hefur látið útflutningsverslun með kjöt til sín taka á eftirfarandi hátt:

Leitað var aðstoðar hjá dönskum markaðsráðgjafa, Helge Jessen að nafni, um möguleika á sölu umframbirgða nauta- og dillkakjöts erlendis. Þessi athugun hefur verið í gangi frá því um mitt ár 1986 og hafa ýmsir kostir verið skoðaðir. Má nefna sölu til Egyptalands, Nígeríu, Saudi-Arabíu, Japans og fleiri staða. Engir þessara kosta hafa verið á þann veg að gerlegt hafi þótt að ganga til samninga. Spilaði þar inn í bæði verð og einnig kvaðir um sláturaðferðir og vinnslu.

Kannaðir hafa verið möguleikar á því að nota kjöt sem neyðaraðstoð í samvinnu við Hjálparstofnun kirkjunnar. Þær þreifingar leiddu heldur ekki til neinna viðunandi lausna.

Fulltrúi viðskiptaráðuneytisins í markaðsnefnd hefur samkvæmt tilmælum frá nefndinni tekið upp í viðræðum við Sovétmenn hugsanleg kjötkaup. Viðræður þessar lofuðu góðu um tíma en á lokastigi málsins settu Sovétmenn skilyrði sem á engan hátt var hægt að uppfylla.

Í byrjun þessa árs var tekið upp samstarf við Útflutningsráð Íslands um markaðsathugun fyrir íslenskt dillkakjöt í Bandaríkjunum. Þarlent fyrirtæki, TROST Ass., hefur annast upplýsingaöflun ytra og hafa starfsmenn Útflutningsráðsins og markaðsnefndar m.a. farið utan til þess að vinna að þessu verkefni. Niðurstöður úr þessu verkefni ásamt tillögum um á hvern hátt taka skuli á þeim eru væntanlegar nú í nóvember.

Borist hefur erindi til nefndarinnar þess efnis að markaðsnefnd taki þátt í kynningu á íslenskum matvælum og iðnaðarvörum í Gautaborg í febrúar nk. Útflutningsráðið hefur skipulagt þessa kynningu í tengslum við væntanlegt markaðsátak í Svíþjóð. Gert er ráð fyrir að um fimmtán fyrirtæki í fiskútflutningi og iðnaði verði á þessari kynningu auk þess sem þátttaka markaðsnefndar hefur komið til tals. Góð reynsla fékkst af samstarfi markaðsnefndar og fyrirtækja í fiskiðnaðinum á leiðtogafundinum haustið 1986.

Auk þess sem hér á undan er talið hefur markaðsnefnd veitt upplýsingar einstaklingum og fyrirtækjum sem áhuga hafa haft á útflutningi á kjöti og skyldum afurðum. Þrátt fyrir aðstoð frá markaðsnefnd hefur ekki náðst árangur hjá þessum fyrirtækjum.

Markaðsnefnd hefur sinnt þessum athugunum svo sem aðstæður leyfa, auk vinnu að markaðsmálum hér innan lands. Álit erlendra markaðsmanna er á þann veg að kjötverslun sé álíka erfið og stálviðskipti. Margs konar verndaraðgerðir stjórnvalda, niðurgreiðslur og annað gera sölustarfið mjög erfið.

*4. Hvaða fjárhæðum hefur verið varið úr Framleiðnisjóði í leit að hagkvæmum mörkuðum erlendis sl. tvö ár, sundurgreint eftir markaðssvæðum? Hefur fé verið varið í þessu skyni úr öðrum opinberum sjóðum? Ef svo er, hverjum og hve miklu?*

Framleiðnisjóður landbúnaðarins greiddi á árinu 1985 340 000 kr. og á árinu 1986 1 100 000 kr. til markaðsleitar og öflunar viðskiptasambanda í Bandaríkjunum vegna kindakjötssölu þangað.